



HAFNARFJÖRÐUR

Umsögn- 16. ágúst 2017

Efni: Álfhella 2, umsögn vegna fyrirspurnar, 1706399

Þann 28. júní 2017 leggur Magnús L. Sigurðsson inn fyrirspurn fyrir hönd Stróks ehf. er varðar lóð við Álfhelli 2. Óskað er eftir að lóðin verði skilgreind sem verslunar- og þjónustulóð. Fyrirhugað er að koma fyrir olíu og bensínsölu, dekkjarverkstæði, smurstöð og verslun varahluta.

Sk. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði. Sk. skilmálum deiliskipulagsins er eitt af helstu markmiðum skipulagsins að mynda heilsteypt atvinnusvæði úr lóðum af mismundi stærðum undir iðnað sem ekki er umhverfismengandi í snyrtilegu umhverfi. Allar lóðir falla undir flokk B2 þ.e. léttur iðnaður og atvinnustarfsemi sem ekki hefur mengandi áhrif á umhverfi sitt s.s. verkstæði, framleiðsluiðnaður, endurvinnsla og prentþjónusta.

Nú er óskað eftir að koma fyrir tveimur húsum á lóðinni í stað eins líkt og deiliskipulagið gerir ráð fyrir og nýta lóðina undir verslun- og þjónustu. Slíkt kallar á deiliskipulagsbreytingu. Þar sem fyrirhugað er að koma fyrir sölu á olíu og bensíni þarf að fara fram umhverfismat og meta áhættuþætti líkt og kveður á um í skipulagsreglugerð 90/2013, grein 5.4.1.

Í ljósi ofangreindra þarf umhverfismat fyrir starfseminni að liggja fyrir áður en hægt er að heimila breytingar á Aðal- og deiliskipulagi.

Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt.